

Í atvinnuhúsnæði skal við útreikning rúmmáls til gatnagerðargjalds miðað við lofthæð 3.3 m að innanmáli, nema uppdráttur sýni annað.

Fyrir umframstærðir í íbúðarhúsnæði skal greiða 25% hærra gjald.

Auk þessa skal lóðarhafi greiða í gatnagerðargjald kr. 40 af hverjum fermetra lóðar.

#### 4. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjaldstuðlana sbr. 3. gr. hvern fyrir sig eða alla í einu, um allt að 50% án frekari staðfestingar ráðuneytisins.

#### 5. gr.

Gatnagerðargjald samkvæmt 3. gr. greiðist þannig að 20% greiðist þegar lagningu varanlegs slitlags er lokið. Eftirstöðvar greiðast með jöfnum árlegum afborgunum á næstu 4 árum. Gjaldlagi afborgana er 1. júlí. Ársvextir 10% greiðast eftir á á sömu gjalddögum.

#### 6. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem lagt er á, og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum sem á eigninni hvíla og tekur það einnig til vátryggingarfjár eignarinnar. Heimilt er að taka gjöld samkv. reglugerð þessari löglaki samkv. lögum nr. 29/1885.

Sveitarstjórn sker úr ágreiningi er rísa kann um álagningu og innheimtu samkv. reglugerð þessari.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Höfðahrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum um gatnagerðargjöld nr. 51/1974 og 31/1975 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 30. júní 1976.*

**F. h. r.**

**Hallgrímur Dalberg.**

*Skúli Sigurðsson.*

## AUGLÝSING

### um skipulag í Torfalækjarhreppi Austur-Húnavatnssýslu.

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins, hefur ráðuneytið samkvæmt heimild í 2. mgr. 4. gr. skipulagslaga nr. 19 24. maí 1964 ákveðið, að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964 skuli ná til Torfalækjarhrepps, Austur-Húnavatnssýslu, að undanskildum nauðsynlegum byggingarframkvæmdum vegna búrekstrar.

Þetta er birt hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 24. júní 1976.*

**F. h. r.**

**Hallgrímur Dalberg.**

*Skúli Sigurðsson.*